

Mál nr. 203/2013
M
og V v/ bifreiðarinnar A og bifreiðarinnar B.

Árekstur á ljósastrýðum gatnamótum 8.mars 2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 30. maí 2013 ásamt gögnum.
2. Tölvupóstur V hf. dags. 24. júlí 2013 (engar athugasemdir gerðar af hálfu félagsins).
3. Tölvupóstur V dags. 14. júní 2013 (athugasemdir ökumanns B við málskot)

Málsatvik.

Samkvæmt tjónstilkynningu Aðstoðar&Öryggis dags. 8.mars sl. varð árekstur með bifreiðum A og B þar sem þeim var ekið um gatnamót Bústaðavegar og Óslands í Reykjavík. Ökumaður A kveðst hafa ekið beint áfram austur Bústaðaveg og ekið inn á gatnamótin á móti grænu ljósi þegar bifreið B hafi verið ekið í vinstri beygju í veg fyrir hann. Farþegi í bifreið A tekur undir frásögn ökumanns A. Ökumaður B kveðst hafa ekið vestur Bústaðaveg og verið inni á gatnamótunum að taka beygju til vinstri suður Ósland og segist í tjónstilkynningu hafa verið að "hreinsa gatnamótin" á gulu ljósi.

Í tjónstilkynningu er jafnframt tilgreint vitni sem var að aka norður Ósland sem segir í skýrslu sinni að þegar hún hafi litið upp þegar hún heyrði hávaða af árekstrinum þá hafi logað grænt ljós fyrir hennar akstursstefnu og hún því ályktað að bifreið A hafi ekið gegn rauðu ljósi. Vitnið ítrekar þennan framburð í tölvupósti til V viku síðar. Í gögnum málsins kemur fram að þann 15. maí sl. óskaði V eftir því við A&Ö að tekin yrði skýrsla af öðru vitni sem borist höfðu upplýsingar um. Hjá því vitni kemur fram að hann hafi verið að aka austur Bústaðaveg um þremur bíllengdum á eftir A og segir að þeirri bifreið hafi verið ekið inn á gatnamótin á grænu ljósi.

M telur að sannað sé á hann hafi ekið bifreið A inn á gatnamótin gegn grænu ljósi og það fáið staðfest í vitnisburði seinna vitnisins sem hafi gefið sig fram. Ökumaður B telur sig hafa verið í rétti að rýma gatnamótin, það hafi verið mjög erfitt að þvera Bústaðavegin vegna þess að það eru ekki sérstök beygjuljós og segir í athugasemdum sínum við málskot M að hann hafi ekið af stað í vinstri beygju gegn rauðu ljósi.

Álit.

Ef litið er til umferðarlaga nr. 25/1987 bar báðum ökumönnum að sýna aðgát við akstur um gatnamótin, sbr. 1.mgr. 25.gr. laganna. Ökumanni bifreiðar B bar að veita bifreið A forgang við akstur um gatnamótin, sbr. 6.mgr. 25.gr. laganna. Sá forgangur er háður því að staða umferðarljósa hafi ekki verið þannig að gult eða eftir atvikum rautt ljós hafi kviknað gegn akstursstefnu A þegar hann ók inn á gatnamótin, sbr. 5.mgr. 34.gr. reglugerðar nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra, en þá ber ökumanni A alla jafna að stöðva bifreið sína en ekki aka inn á gatnamótin. Sá sem heldur því fram að rautt ljós hafi logað fyrir akstursstefnu bifreiðar A ber sönnunarbyrði fyrir því. Vitnisburður vitnis sem tilgreint er í tjónstilkynningu að hafi verið á vettvangi er ekki skýrari en svo að það ályktaði um stöðu ljósa í akstursstefnu ökumanns A án þess að sjá hana nákvæmlega. Einnig verður litið til framburðar ökumanns B í tjónstilkynningu sem kveðst hafa ekið í vinstri beygju gegn gulu ljósi en síðari framburður hans um að það hafi verið gegn rauðu ljósi hefur þar af leiðandi minna vægi. Sá sem heldur því fram að annar hafi ekið gegn rauðu ljósi ber að sanna það. Í ljósi framangreindra framburða verður ekki talið að sú sönnun hafi komið fram með skýrum hætti.

Framburður nýs vitnis, þó það komi fram síðar, styður þá niðurstöðu en vitnið fullyrðir að bifreið A hafi verið ekið inn á gatnamótin gegn grænu ljósi. Það verður því ekki talið sannað að ökumaður A hafi ekið gegn rauðu ljósi inn á gatnamótin og í ljósi þess verður ökumaður B talinn bera alla sök á árekstrinum fyrir að taka í veg fyrir A á gatnamótum án þess að gæta varúðar sem honum bar skv. 6.mgr. 25.gr. umferðarlaga.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök á tjóni M á bifreið A.

Reykjavík 21. ágúst 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Sævar Þór Jónsson hdl.